



Aðstaða fyrir rannsakendur í Reykjavík Akademiunni

Þjónusta og áframhaldandi uppbygging innviða

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Aðstaða fyrir rannsakendur í ReykjavíkúAkademíunni.
Þjónusta og áframhaldandi uppbygging innviða.

Maí 2024

Ritstjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Útgefandi: ReykjavíkúAkademían

Útgáfunúmer: RA-2020-4

Þórunnartún 2

105 Reykjavík

Sími 562 8565

Netfang: ra@akademia.is

Veffang: www.akademia.is



EFNISYFIRLIT

Sterkur stofnanalegur bakhjarl	3
Starfsumhverfi og almennur stuðningur við rannsakendur	4
Aðstaða og þjónusta við styrkt verkefni.....	6
Ræktun rannsóknahópa	8

ReykjavíkúAkademían er bakhjarl rannsakena

ReykjavíkúAkademían er rannsókna- og nýsköpunarstofnun í menningar-, hug- og félagsvísindum sem hefur með samningi við menntamálaráðuneytið tekið á sig það hlutverk að efla formlegan vettvang fyrir sjálfstæðar rannsóknir og nýsköpun; virkja og tengja saman þann mannafla sem stundar sjálfstæðar rannsóknir og hvetja til fjölfaglegs samstarfs innanlands sem utan. Þá er stofnuninni ætlað að veita „vísindamönnum í sjálfstæðum rannsóknum starfsaðstöðu og rannsóknarþjónustu.“

ReykjavíkúAkademían vinnur að því að efla enn frekar þjónustu við sjálfstætt starfandi rannsakenur og auðvelda þeim að fjármagna verkefni með styrkjum. Til þess að svo megi vera þarf stofnunin að standa jafnfætis öðrum rannsóknarstofnunum og huga þarf sérstaklega að því að þekking á starfsumhverfinu varðveitist á skrifstofu hennar.

Rannsakenur sem starfa við ReykjavíkúAkademíuna geta gert ráð fyrir því að stofnunin:

1. tryggja viðunandi starfsaðstöðu fyrir rannsakenur að leigja
2. bjóði upp á rannsóknarþjónustu
3. tryggja viðurkennda fjárhagslega umsýslu verkefna
4. bjóði upp á aðra þjónustu sem nýtist verkefnum
5. tryggja sýnileika verkefna og fræðimanna
6. styðji við miðlun niðurstaðna rannsókna á því formi sem hentar rannsókn hverju sinni

Á móti er mikilvægt að fræðimenn:

1. kenni sig við ReykjavíkúAkademíuna í fyrirlestrum, ráðstefnu umsóknum, viðtölum
2. noti glærur og bréfsefni með lógói Akademíunnar í fyrirlestrum og kynningum
3. geti stofnunarinnar þegar niðurstöður rannsókna eru kynntar
4. sendi stofnuninni nauðsynlegar upplýsingar sem óskað er eftir til birtingar

Í þessari samantekt á þjónustu ReykjavíkúAkademíunnar við rannsakenur og hópa er verið að festa niður skýr og sanngjörn viðmið um hvað felst í þjónustu Akademíunnar við rannsakenur og rannsóknarhópa. Hún er unnin af vinnuhópi stjórnar

ReykjavíkurAkademíunnar 2023-2024 og ritstýrt af framkvæmdastjóranum, Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur. Umgjörðin var samþykkt af stjórn ReykjavíkurAkademíunnar 13. mars 2024 .

Gert í ReykjavíkurAkademíunni, mars 2024

Lilja Hjartardóttir, Ingunn Ásdísardóttir og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Grunnþættir þjónustu við rannsakendur

Til þess að ReykjavíkurAkademían geti gegn hlutverki sínu sem rannsókn- og nýsköpunarstofnun sem veitir vísindamönnum í sjálfstæðum rannsóknum starfsaðstöðu og rannsóknþjónustu þarf stofnunin að vera styrkur stofnanalegur **bakhjarl** rannsakanda og bjóða upp á **starfsumhverfi** sem styður almennt við rannsakendur og rannsóknahópa.

Sterkur stofnanalegur bakhjarl

Mikilvægt er að ReykjavíkurAkademían búi yfir þekkingu á umhverfi rannsókna, sé sýnilegur og virtur samstarfsaðili og hafi bolmagn til þess að veita sjálfstæðum rannsakendum þann stuðning sem þeir þurfa. Þess vegna mun stjórn og starfsfólk ReykjavíkurAkademíunnar vinna að því að :

- styrkja ímynd ReykjavíkurAkademíunnar sem rannsóknastofnunar
- viðhalda og styrkja ímynd ReykjavíkurAkademíunnar sem stofnanalegur bakhjarl rannsóknaverkefna
- ýta undir sýnileikann með viðburðum á vegum stofnunarinnar og fræðimanna hennar
- efla samvinnu og samstarf við rannsóknastofnanir um umsóknir um styrki innan lands og utan
- efla og viðhalda þekkingu innan stofnunarinnar um rannsóknsumhverfið og um utanumhald rannsóknaverkefna og stærri og minni viðburða

Reykjavík Akadémían stuðlar að því að byggja upp rannsóknahverfi fyrir sjálfstætt starfandi fræðafólk og er talsmaður hópsins á opinberum vettvangi, gagnvart stjórnvöldum og vísindasamfélaginu. Áherslur stofnunarinnar eru meðal annars að:

- Styðja við stækkun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna
- Vinna að stofnun rannsóknasjóðs sem styrkir innanlandsrannsóknir eða breytingar á formkröfum Rannsóknasjóðs
- Veita rannsóknahverfinu aðhald og tala máli sjálfstætt starfandi fræðimanna og minna á samfélagslegt mikilvægi þess að ríkið styðji við rannsóknir fræðafólks sem starfar utan háskólanna.

Starfsumhverfi og almennur stuðningur við rannsakendur

- Ungt vísindafólk í rannsóknartengdu framhaldsnámi innanlands sem utan fá 30% afslátt
- Góð starfsaðstaða og virkt fræðasamfélag
- Gott bókasafn
- Virkt rannsóknahverfi sem tengir saman fræðafólk til þess að ræða rannsóknir og umsóknir í sjóði
- Akadémían stuðli að myndum þverfræðilegs tengslanets rannsakanda við stofnunina og að jafningja-umræðum um rannsóknir og styrkumsóknir
- Akadémían stuðli að þátttöku í tengslanetum innan annarra rannsóknastofnana
- Styður við myndun rannsóknahópa sem sækja um í rannsóknasjóði
- Góð aðstaða til funda- og viðburðahalds með góðum fundarbúnaði
- Kynningar á fræðafólki: rafrænar ferilskrár og kynningar, kostur á aðild að IRIS, aðstoð við að nýta til dæmis academia.edu, LinkedIn og ORCID.id
- Sýnileiki rannsóknaverkefna á vef stofnunarinnar
- Útdrættir úr greinum, bókum, heimildarþáttum og öðru efni sem tengist rannsóknnum og birtingum
- Árleg, rafræn rannsóknarskýrsla birt á vef stofnunarinnar og á samfélagsmiðlum
- Stofnanalegur bakhjarl og ráðgjöf við rannsóknir og umsóknir
- Aðstoð við skipulagning viðburða, fyrirlestra, málþinga ráðstefna og fundaraða í tengslum við rannsóknaverkefni
- Veitir styrki til verkefnistjóra styrktra rannsóknaverkefna sem eru sjálfstætt starfandi
- Uppsetning vefsíðu og hjá stofnunni eða á vef stofnunarinnar [www.xxx.akademia.is]
- Þátttaka Akadémiunnar í viðburðum sem rannsakendur hafa frumkvæði að
- Vettvangur til að halda opinbera fyrirlestra

- Í burðarliðnum:
 - o Aðgangur að háskólanetinu / Eduroam
 - o Rafrænt vinnusvæði fyrir rannsóknarhópa
 - o Myndun tengsla við doktorsnema og nýdoktora
 - o Sameiginlegur rafrænn vettvangur fyrir þátttakendur verkefnisins

Fjórir grunnþættir ReykjavíkurAkademíunnar eru rannsóknarþjónusta og gott orðspor stofnunarinnar, ásamt góðri starfsaðstöðu og frjóu fræðasamfélagi. Að þeim þarf að hlúa í öllum rekstri til að hún geti staðið undir nafni

Rannsóknarþjónusta ReykjavíkurAkademíunnar

Rannsóknarþjónusta ReykjavíkurAkademíunnar vaktar tækifæri til sóknar í rannsóknarsjóði og veitir aðstoð við gerð umsókna um styrki, vinnslu fjárhagsáætlana og rekstur rannsóknarverkefna. Rannsóknarþjónustan aðstoðar jafnframt sjálfstætt starfandi fræðafólk eftir föngum við að efla samvinnu við erlenda vísindamenn, háskóla og rannsóknarstofnanir. Eftirfarandi þjónusta er í boði:

Fjármögnun rannsókna

- Vöktun á styrkmöguleikum innanlands og utan
- Aðstoð við gerð umsókna, meðal annars yfirlestur og skapa samtali á milli fræðafólks
- Aðstoð við gerð ferilskrár
- Aðstoðar rannsóknaverkefni við umsóknir í aðra sjóði vegna mögulegra hliðarverkefna
- Aðstoð við skýrslugerð og fjárhagsuppgjör vegna styrktra verkefna

Mat á árangri sjálfstætt starfandi rannsakernda

- Gagnasöfnun, tölfræðivinnsla og skýrslugerð um árangurshlutfall umsökna, sjálfstæða rannsakerndur og afrakstur rannsökna þeirra

Kynningar- og tenglastarf

- Aðstoð við kynningar á rannsöknum við ReykjavíkurAkademíuna, t.d. á vef stofnunarinnar og í tengslum við einstaka viðburði og áfanga
- Tala máli sjálfstætt starfandi við yfirvöld og rannsöknasjóði innanlands og utan

Aðstaða og þjónusta við styrkt verkefni

ReykjavíkurAkademían býður upp á góða þjónustu við rannsakerndur og rannsöknahópa sem hlotið hafa styrk og kjósa að vera við ReykjavíkurAkademíuna. Hér er tíundað hvað felst í þjónustu við rannsakerndur og við verkefnisstjóra sem vilja taka að sér að byggja upp rannsöknahóp með sæti við Akademíuna. Nauðsynlegt er að verkefnið hafi skrifstofu í Þórunnartúni og að rannsakerndur séu virkir þátttakendur í samfélaginu þar og stuðli þannig að uppbyggingu á góðu rannsöknarumhverfi.

Samrekstur er fastur kostnaður sem ekki er beint tengdur einstökum verkefnum, en verður til vegna starfsemi rekstraraðilans. Um er um að ræða kostnað vegna húsnæðis svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga og reksturs tölvubúnaðar. Þá er innifalið í þjónustu við rannsöknarverkefni **Samrekstur og aðstaða (overhead)**

meðal annars „að standa straum af kostnaði, meðal annars launum, sem fylgir rannsökninni en tengist ekki fræðilegri vinnu hennar heldur snýr að utanumhaldi. Það er að halda utan um fjármuni verkefnis, greiða reikninga, bóka og endurskoða, kynna rannsöknina, halda utan um málstofur, málþing og ráðstefnur tengdar rannsöknum innan þess ramma sem fjármagn leyfir, kostnaður við aðstöðu og stofnanalegan bakgrunn.“

Eins og hjá Háskóla Íslands þá er tekjum Akademiunnar vegna samreksturs og aðstöðu skipt á milli verkefnisins og stofnunnarinnar á eftirfarandi hátt: 40% af umsýslutekjum fara til verkefnisins, 40% nýtir ReykjavíkurAkademían til aðstöðusköpunar fyrir verkefnið og markvissa þjónusta við rannsakendur og 20 % fer til reksturs ReykjavíkurAkademiunnar.

Verkefnið sjálft (40%) Dæmi:

- ófyrirséður kostnaður, m.a. tengdur þýðingum og útgáfu
- kvöldverður sem haldinn er í tengslum við fundi rannsóknahópsins
- tölvur fyrir verkefnisstjóra
- bækur og tímarit og áskrift t.d. að academia.edu og IRIS
- laun vegna lokafrágangs verkefnis
- ferð og uppihald fyrir erlenda gestafyrirlesara

Rannsóknþjónustan (40%) Dæmi:

- greiðsla, sem nemur mánaðarlaunum til verkefnisstjóra þegar verkefni er styrkt
- leiga á vinnuaðstöðu fyrir verkefni sem eru í þróun
- laun rannsóknastjóra eða aðkeypt þjónusta rannsóknastjóra/sjóðasækis
- uppbygging þjónustu við verkefni
- sameiginlegur rafrænn vettvangur
- vefsíðugrunnur og uppsetning á vefsíðu verkefnisins og hýsing
- aðgangur að háskólanetinu (í framtíðinni)
- vinnuaðstaða fyrir verkefnið
- vinnuaðstaða fyrir erlenda þátttakendur
- funda- og fyrirlestraaðstaða
- auglýsingar og kynningar á verkefninu
- lagt út fyrir launum og öðrum kostnaði sem tengist verkefninu þótt greiðsla hafi ekki borist frá Rannís

Framkvæmdastjóra er heimilt að semja sérstaklega um nánari útfærslu á skiptingu kostnaðar og verkþátta og undirritar samning við verkefnisstjóra með fyrirvara um samþykki stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar.

Ræktun rannsóknahópa

Það þarf að láta það berast að ReykjavíkurAkademían er góður staður til að hýsa verkefni (m.a. fyrir alumni) og að þeim standi til boða ódýr og/eða gjaldfrjáls borð í ákveðinn tíma meðan unnið er að umsókn um styrk.

Mynda þarf panel reyndra fræðimanna sem hver um sig sæi um að byggja upp rannsóknahóp við Akademíuna í kringum ákveðið þema. Hver fræðimaður myndaði 4-5 manna stjórn verkefnis. Dæmi um þemu: atvinnu/verkalýðssaga með aðkomu Bókasafns Dagsbrúnar, heilbrigðis- og félagssaga.

Semja þarf við reynda verkefnisstjóra um að þeir myndi rannsóknahópa og sækja um styrki í nafni ReykjavíkurAkademíunnar gegn loforði um að viðkomandi fái greidda ákveðna upphæð af umsýslutekjum fái verkefnið styrk.



AKADEMIA.IS